



Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 31. ágúst 2005
Tilvísun: UST20050100017/sf

Stækkun urðunarstaðar að Strönd í Rangárþingi ytra. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar á urðunarstað að strönd í Rangárþingi ytra. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun. Fyrirsagnir miðast við kaflaheiti í tillöggunni.

1. 3.2 Fyrirkomulag og tegund úrgangs

Notast er við hugtakið „sorp“ með þeim hætti að ekki er alltaf ljóst við hvaða úrgang er átt. Lagt er til að hugtök verði notuð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um úrgang til að forðast misskilning, s.s. heimilisúrgangur í staðinn fyrir sorp, rekstrarúrgangur, sláturúrgangur o.s.frv.

2.2 Endurskoðun starfsleyfis

Fram kemur að gert er ráð fyrir endurvinnslu 600 tonna af lífrænum úrgangi. Ekki er ljóst hvers konar úrgang um ræðir en væntanlega er átt við garðaúrgang og skít frá sláturhúsum sem jarðgerður er á svæðinu og notaður til uppgræðslu þeirra reina sem búið er að urða í.

Umhverfisstofnun bendir á að lífræn mengunarefni hafa mælst í grunnvatni vegna starfseminnar og því ástæða til að skoða þann möguleika að gera ráð fyrir meiri endurvinnslu á lífrænum úrgangi en ráð er fyrir gert skv. tillögu að matsáætlun. Að mati stofnunarinnar ætti að fjalla um þann möguleika í matsskýrslu.

Gert er ráð fyrir að starfsleyfi verði unnið samhliða mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að leita þarf samþykkis Skipulagsstofnunar fyrir slíku áður en matsáætlun er lögð fram, sbr. 30. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum

5.2 Mengunarhætta

Bent skal á að frá og með 16. júlí 2009 þurfa allir urðunarstaðir sem taka á móti lífrænum úrgangi að uppfylla kröfur reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, t.d. um botnþéttingu, sigvatnssöfnun, gassöfnun o.fl., nema sýnt hafi verið fram á að ekki sé þörf á því skv. mati Umhverfisstofnunar. Þetta þarf að koma fram í tillögu að matsáætlun og þarf umfjöllun í

matsskýrslu að taka mið af því.

5.5 Magn og meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt tölulegum upplýsingum í kafla 2.2 er sótt um starfsleyfi fyrir meðhöndlun á 5.450 tonnum af úrgangi á ári eða tæplega **tíföldu** því magni sem gildandi starfsleyfi segir til um. Af þessu magni verða urðuð um 3.700 tonn á ári og þar af eru a.m.k. 2.100 tonn lífrænn úrgangur og 500 tonn landbúnaðarplast.

Bent er á að samkvæmt landsáetlun um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög minnka lífrænan úrgang til urðunar um 25% árið 2009, 50% árið 2013 og 65% árið 2009, m.v. það magn lífræns úrgangs sem til fíll árið 1995. Þá koma í landsáetluninni fram markmið um aukna endurvinnslu umbúðaplasts (þ.m.t. landbúnaðarplasts). Verið er að vinna sameiginlega svæðisáetlun fyrir Vestur-, Suðvestur- og Suðurland þar sem aðildarsveitarfélögin gera grein fyrir hvernig þau hyggjast uppfylla markmið landsáetlunarinnar. Gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir áður en mat á umhverfisáhrifum verður lagt fram. Svæðisáetlunin kann að hafa áhrif á fyrirkomulag meðhöndlunar úrgangs á Strönd, bæði hvað varðar magn og tegund úrgangs sem móttokin verða til meðhöndlunar. Því er nauðsynlegt að í matsskýrslu verði fjallað um þá framtíðarþróun sem lýst er hér að ofan.

8. Samráð

Gera má ráð fyrir að tekið verði á móti sjálfdauðum dýrum og öðrum (hugsanlega) smituðum úrgangi frá landbúnaði. Um meðferð á þessum úrgangi skal hafa samráð við heilbrigðisnefnd og viðkomandi héraðsdýralækni eftir því sem við á, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun telur því eðlilegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við héraðsdýralækni við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Annað

Áhrifasvæði framkvæmdar og sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í matsskýrslu þarf að koma fram lýsing á framkvæmdasvæði og áætluðu áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar, s.s. landslagi, gróðurfari o.fl., sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum, þó ekki sé ætlunin að gera sérstakar rannsóknir á náttúrufari framkvæmdasvæðisins. Sýna verður áhrifasvæði framkvæmdarinnar á uppdrætti. Þá bendir stofnunin á nauðsyn þess að afmarka sérstaklega áhrifasvæði vegna sjónrænna þátta, en það er oft talsvert víðfeðmara en áhrifasvæði vegna beinna áhrifa á landslag eða náttúrufarsþætti. Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að myndir sem sýna eiga útlit svæðanna eftir framkvæmdir verði bornar saman við myndir sem sýna útlit svæðisins eins og það er í dag. Gera ætti grein fyrir mögulegum mótvægisarðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu eigi að fjalla um hávaða vegna framkvæmdarinnar og möguleg áhrif á aðra landnotkun, s.s. á fristundabyggð. Jafnframt um mögulegar aðgerðir til að draga úr hávaða.

Virðingarfyllst,



Sigurrós Friðriksdóttir



Helgi Þessson